bóndinn frá íshúsinu
Harðgerðir vatnshitablásarar
Hitablásarar
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata
hitarar.is

2. tölublað 2. árgangur 20. JANÚAR 2015

SLEGGJAN

FRÉTTABLAÐ UM IÐNAÐ

Paddington með Samskipum til Lundúna

Frumsýning kvikmyndarinnar um marmelaðifíkilinn Paddington markar upphafið af fimmtán, eða réttara sagt fjögurra mínútna, frægð flutningafélagsins Samskipa. Þetta kemur fram í frétt á vef fyrirtækisins.

Kvikmyndin um björninn frækna var frumsýnd á Íslandi í síðustu viku og tóku margir foreldrar eftir því að ferðalag Paddingtons frá Perú hefst þegar hann smyglar sér með skipi Samskipa til Lundúnaborgar.

Sögurnar um Paddington hafa löngum verið vinsælar hér á landi. Paddington er ungur björn frá Perú með einstakt dálæti öllu bresku. Hann ákveður því að fara til Lundúna í leit að nýju heimili, en hann áttar sig fljótlega á því að stórborgarlífið er ekki alveg eins og hann sá fyrir. Sem betur fer kynnist hann góðhjartaðri fjölskyldu á Paddington-lestarstöðinni sem býður honum tímabundið athvarf.

Á vef Samskipa segir að um hundrað manna kvikmyndatökulið hafi unnið í nístingskulda á athafnasvæði fyrirtækisins. Fyrirtækið segir viðveru þeirra í myndinni hluta af markaðsátaki Samskipa í Bretlandi og um allan heim. Fyrirtækið hafi ákveðið að taka þátt í þessu verkefni í ljósi að Paddington er breskara en flest breskt. Kynslóðir eftir kynslóðir eigi góðar minningar tengdar honum og sagan sé þekkt um allan heim.

Hitaveitu & gasskápar
fyrir sumarbústaði og heimili
Gæði • Þjónusta • Öryggi
Hitaveituskápar
Við sérsmíðum og eigum líka hitaveitukassa á lager.
Einnig smíðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl.
Fáanlegir í mörgum litum.
Gasskápar
Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli.
Láttu ekki stela af þér kútunum!
VÍK BLIKKSMIÐJA
Blikksmiðjan Vík ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is



Fjárdráttur og krísustjórnun

Annað tölublað Sleggjunnar er nú komið út. Við erum að finna fjölina okkar og svei mér þá ef annað tölublaðið er ekki örlítið betra en það fyrsta. Það er ekki nóg að segja fréttir af iðnfyrirtækjum ef gagnið af blaðinu er svo lítið að enginn les. Þess vegna leggjum við áherslu á að meðfram fréttamolum séu hagnýtar upplýsingar í blaðinu.

Að þessu sinni er það Andrés Jónsson almannatengill sem gefur nokkra punkta um hvernig bregðast má við neikvæðri umfjöllun. Andrés gefur í raun afar einföld ráð; borðleggjandi næstum. Skrúfið niður hrokann og takið ábyrgð. Einfalt og og skilvirkt en ef til vill erfitt ef maður hefur þá tilfinningu að gagnrýnin sé ekki réttmæt.

Í blaðinu er einnig að finna umfjöllun um lokaritgerð Ævars Ólafssonar viðskiptafræðings sem rannsakaði einkenni fjárdráttsí íslenskum fyrirtækjum. Ævar skoðaði þrjú íslensk fjárdráttarmál sérstaklega: Landssímamálið, fjárdrátt frá Nathan & Olsen og málefni hjúkrunarheimilisins Eirar. Ævar greinir nokkur atriði sem nota má sem viðvörunarmerki. Þá bendir hann á hugsanlegar forvarnir sem eigendur fyrirtækja geta nýtt til að minnka áhættuna á fjárdrætti.

Þótt nokkuð sé síðan þessar umfjallanir voru settar niður á blað er ljóst að fréttir síðustu daga sýna að þörf er á. Fréttablaðið greindi frá því að morgni mánudags að Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, hafi verið vikið úr starfi sem sveitarstjóra Ásahrepps síðastliðinn föstudag.

Í umfjöllun um málið má sjá að ráðgjöf Ævars er afar gagnleg. Forvarnir og réttir verkferlar eru það sem komu upp um að ekki væri allt með felldu í Ásahreppi. „Þetta er leiðindamál sem kom blessunarlega mjög fljótt upp á yfirborðið," segir Egill Sigurðsson, oddviti Ásahrepps í samtali við Vísi. „Líkt og flest sveitarfélög og fyrirtæki gera þá er það ekki sami maður sem bókar, samþykkir og greiðir. Það kerfi virkaði sem skyldi í þessu máli."

Um leið kemur fram að Fréttablaðið hafi ítrekað reynt að ná á tali við Björgvin áður en fréttin var birt. Það hafi þó ekki tekist. Hugsanlega kæmi Björgvin betur út úr málinu hefði hann brugðist öðruvísi við í stað þess að hunsa blaðamenn Fréttablaðsins, sem vitaskuld sátu ekki á fréttinni. Stjórnmálamaður með svo frjálslega nálgun á opinbert fé kemst að sjálfsögðu ekki upp með að humma af sér símtöl.

Þökk fyrir lesturinn og þar til næst.
Atli Þór Fanndal, ritstjóri

SLEGGJAN - FRÉTTABLAÐ UM IÐNAÐ
2. TBL. 2. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI Fótspor ehf.
ÁBYRGÐARMAÐUR Ámundi Ámundason 824 2466, amundi @ fotspor.is.
FRAMKVÆMDASTJÓRI Ámundi Steinar Ámundason, as @ fotspor.is.
AUGLÝSINGASTJÓRI Ámundi Steinar Ámundason, as@ fotspor.is. 578-1193.
RITSTJÓRI Atli Þór Fanndal, sími: 492-2103, netfang: atli@thorfanndal.com
UMBROT: Atli Þór Fanndal
PRENTUN: Landsprent, 35.000 eintök. **DREIFING:** Landsprent

Þrif ehf
SÍMI 89 89 566
www.þrif.is / www.thrif.net
netfang: thrif@centrum.is

VIÐBURÐUR

Hvað getum við gert fyrir fagmenntun?

Menntahópur Húss atvinnulífsins stendur fyrir fræðsluhádegi í Húsi atvinnulífsins, 1. hæð 27. janúar kl. 12.00 - 13.00

Starfsþjálfun fyrirtækja - hvað getum við gert fyrir fagmenntun?

Leitað svara við eftirfarandi spurningum:

Hvað græða fyrirtækin á því að taka nema í vinnustaðanám/ starfsþjálfun?

Eru hindranir á veginum?

Dagskrá

Bolli Árnason framkvæmdastjóri GT-tækni

Jón Eðvald Friðriksson framkvæmdastjóri FISK seafood

Ingólfur Haraldsson hótelstjóri Hótel Nordica

Arnar Þorsteinsson IÐAN segir frá verknam.is og hvað þarf til hjá okkur til að þetta markaðstorg virki

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir – Áherslur varðandi hvítbókarvinnu í húsi atvinnulífsins

Fundarstjóri verður Katrín Dóra Þorsteinsdóttir.

Fundurinn er boðaður meðal allra fyrirtækja aðildarfélaga í húsi atvinnulífsins.

VIÐBURÐUR

Dagsetning komin á UTmessuna 2015

UTmessan 2015 í Hörpu verður haldin 6. og 7. febrúar. Föstudaginn 6. febrúar verður ráðstefna og sýning fyrir tölvugeirann en laugardaginn 7. febrúar verður undirlagður fróðleik og sýningu fyrir alla.

UTmessan er einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum. Tilgangurinn er ekki síst að sýna almenningi hversu stór og umfangsmikil þessi grein er orðin hér á landi. Á UTmessunni eru öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins og taka þátt með einum eða öðrum hætti.

VIÐSKIPTI

Hraðfrystihúsið Gunnvör prentar hjá Odda

Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. í Hnífsdal á norðanverðum Vestfjörðum hefur undirritað samning við Prentsmiðjuna Odda um umbúðir fyrir flakafrystiskipið Júlíus Geirmundsson ÍS-270. Þetta kemur fram á vestfirska fréttavefnum BB.is „Júlíus stundar fiskveiðar fyrir erlendan markað á bolfiski, botnfisktegundum, grálúðu og makríl. Hraðfrystihúsið Gunnvör gerir jafnframt út tvo ísfisktogara og rekur fiskvinnslu, ásamt því að vinna að þróun fiskeldis."

Um er að ræða allar umbúðir, til dæmis svokallaðar Icelandic-umbúðir, sem Oddi hefur um langt árabil framleitt fyrir íslenskan sjávarútveg. Þetta eru meðal annars kartonöskjur, kassar og plast. Um þriðjungur umsvifa Odda í dag eru í þjónustu við sjávarútveg.

19 milljarðar í skattaafslátt vegna „Allir vinna"

Endurgreiðsla og lækkun skatta vegna átaksverkefnisins Allir vinna nam 18,7 milljörðum króna. Verkefninu, sem upphaflega átti að ljúka í ársbyrjun 2011, lauk nú um áramót.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, sagði í samtali við Fréttablaðið að samtökin leggi á það ríka áherslu við fjármálaráðherra að áfram yrði haldið með verkefnið. „Við náðum því því miður ekki í gegn," sagði hún. Samtökin telja að verkefninu hafi fylgt ávinningur umfram þá tímabundnu innspýtingu sem byggingargeirinn hafi þurft á að halda eftir hrun, svo sem í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi, auk þess að búa til störf og viðhalda verðmæti eigna. Hér hafi svört atvinnustarfsemi lengi loðað við ákveðnar atvinnugreinar og jafnvel er talið að árlegt tekjutap ríkisins vegna þessa nemi um 70 milljörðum króna.
„Og ég hefði viljað halda þessu inni í 100 prósentum til að koma allri þessari starfsemi upp á yfirborðið," sagði Guðrún við Fréttablaðið sem fjallaði um málið.

Starfsendurhæfing um allt land

VIRK Starfsendurhæfingasjóður starfar um allt land. Um er að ræða sálfræðinga, sjúkraþjálfara, símenntunaraðila og annað fagfólk sem býður fjölbreytta og faglega þjónustu fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu í kjölfar heilsubrests. Markmið VIRK er að aðstoða fólk til að komast aftur á atvinnumarkað.

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður leggur höfuðáherslu á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu sem tekur mið af aðstæðum þeirra einstaklinga sem eru í þjónustu VIRK en um 2300 manns eru nú í starfsendurhæfingu hjá VIRK. Á vegum VIRK starfa sérhæfðir ráðgjafar í starfsendurhæfingu um allt land sem í flestum tilfellum eru staðsettir hjá stéttarfélögum og starfa náið með sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
Þá er VIRK með samninga við starfsendurhæfingarstöðvar um allt land sem er liður í því að tryggja að til staðar sé fagleg þekking og reynsla á sviði starfsendurhæfingar á öllu landinu. Ráðgjafar VIRK eiga síðan í góðu samstarfi við atvinnurekendur og stofnanir á sínu svæði.

Stjórn og gæslubúnaður til notkunar á **sjó og landi**

Í nærri 70 ár hefur Danfoss framleitt breiða línu af stjórn- og gæslubúnaði og byggir því á mikilli reynslu í þróun og framleiðslu á iðnaðarstýringum eins og hita- og þrýstinemum, hita- og þrýstistillum, hita- og þrýstiliðum, spólurofum, segullokum og fl.

Danfoss hf. • Skútuvogi 6, • 104 Reykjavík. • Sími: 510 4100 • **www.danfoss.is**

ENGINEERING
TOMORROW

Danfoss

„Þekkingin selur en ekki bara varan ein og sér“

KYNNING
ÍSFELL

„Við höfum lagt gríðarlega áherslu á þekkingu ásamt því að taka inn nýjar vörur,“ segir Hjörtur Cýrusson, deildarstjóri hjá Ísfelli, í samtali við Sleggjuna. Ísfell rekur sex starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins á Sauðárkróki, Ólafsfirði, Akureyri, Húsavík, Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum en höfuðstöðvarnar eru staðsettar í Hafnarfirði, „Við byrjuðum árið 1992 sem þjónustufyrirtæki við sjávarútveg. Það er enn hluti af okkar kjarnastarfssemi og við erum þekkt fyrir það. Við erum um leið gríðarlega sterk í iðnaðargeiranum, það er byggingariðnaði og til dæmis þjónustu við álverin.“

ÁHERSLA Á GÆÐI

„Það er þekkingin sem selur en ekki bara varan ein og sér. Við leggjum gríðarlega áherslu á það meðfram okkar sölu. Þegar við erum að taka inn nýja vöru til að selja viðskiptavinum þá fer fram öflug starfsþjálfun til að við séum sem best í stakk búnir til að kynna vöruna fyrir væntanlegum viðskiptavinum,“ segir Hjörtur. Hann telur velgengni Ísfells raunar sækja í þessa áherslu á kunnáttu enda auki hún verðmæti vöru og tækja og afli viðskiptavinum fyrirtækisins þannig tekna. „Í iðnaði - og auðvitað líka sjávarútvegi – er mikið af viðskiptavinum sem þurfa allra handa hífingarlausnir, svo sem kranavíra, keðjuhífislingi, stroffur og fleira og við erum með gott úrval af slíkum vörum. Einnig erum við með mjög gott úrval af bindilausnum hverskonar, svo sem plastborða, strekkifilmum, bindi- og brettavafningsvélum. Það sem hefur aukist í starfseminni er bæði aukið úrval bindilausna og hífilausna samanber rafmagnstalíur fyrir brúkrana og hlaupaketti.“ Hjörtur bendir á að án þekkingar séu þessi tæki og vara raunar verðlaus. Þá eru nánast allar hífilausnir vottunar- og skoðunarskyldar. Ísfell hafi lagt áherslu á að sinna slíkri þjónustu og auka menntun starfsfólk félagsins .

VIRÐI EKKI KRÓNUR

„Við erum fjarri því að vera alltaf ódýrastir,“ segir Hjörtur og bætir við að það sé heldur ekki þeirra viðskiptamódel. „Okkar áhersla er á þekkingu og gæði vörunnar. Okkur gengur ekkert illa að koma út vörunum. Gengur það satt best að segja mjög vel vegna þess að það skiptir viðskiptavini, og okkur, svo miklu máli að við vitum hvað við erum að gera. Það er okkar þekking á vörunni sem skiptir máli. Við vitum hvers tækin og varan, sem við erum að selja, eru megnug. Þess vegna eigum við ekki í vanda með þessi mál.“ - Þú segir það bara hreint út að þið séuð ekki ódýrastir. Dregur ekkert í land með það? „Já, já ég segi það alveg. Það er bara svoleiðis.“ - Hvernig taka viðskiptavinir ykkar þessu? „Það er mikil viðhorfsbreyting gagnvart þessum málum. Einu sinni var það svolítið viðloðandi við byggingargeirann að krónurnar voru það eina sem skipti máli. Allt átti alltaf að vera ódýrast. Núna eru menn að taka aðra þætti inn og skoða.“

Hjörtur Cýrusson, deildarstjóri hjá Ísfelli

FLEIRA KEMUR TIL

Hjörtur bendir á að verð skipti að sjálfsögðu máli og að ekki sé hægt að gera lítið úr því. „Verð er að sjálfsögðu stór áhrifaþáttur og verður alltaf. Markaðurinn er farinn að horfa á hvort varan endist og hvers hún er megnug. Það skiptir auðvitað máli hvað maður getur notað vöruna lengi. Þar spila gæðin stóra rullu. Hvort maður þurfi að koma til Ísfells á tveggja mánaða fresti og laga eða kaupa nýtt eða kannski á tveggja ára fresti skiptir miklu,“ segir Hjörtur og bætir við að það sjái flestir að augljóslega sé sparnaður í endingu.

NÝSKÖPUN OG ÞEKKING VÍÐA

Iðnaður á Íslandi er þekkingariðnaður. Hann keppir í umhverfi þar sem laun eru há í alþjóðlegum samanburði og því er krafan um aukna skilvirkni mikil. Skilvirkni næst fram með þekkingu á nýsköpun. - Hvernig hafa viðbrögðin verið gagnvart þessari nálgun ykkar? „Við eigum ekkert erfitt með að sannfæra fólkið sem verslar við okkur um að það starfi í nýsköpunar- og þekkingargeira. Nei, bara alls ekki. Þess utan þá hafa alþjóðleg fyrirtæki - og kannski þá sérstaklega álverin - verið mjög mikið að ýta undir þetta. Til að mynda þegar stækkunarverkefni álversins í Straumsvík voru á fullu þá var fullt af verkefnum sem þurfti að vinna inni á svæðinu hjá þeim. Álverin eru mjög ströng á að allar vottanir og staðlar séu í lagi. Það leiðir einfaldlega til þess að ef þú ert ekki með allt á hreinu þá færðu ekki þessi verkefni. Það er þar sem við komum til; þjálfum starfsfólk og vottum þann búnað sem þarf vottunar við og erum með allt. Það skapar okkar viðskiptavinum verðmæti. Það voru, jú kannski, menn sem fussuðu og sveiuðu til að byrja með. Það sjá samt allir tilganginn með þessu þegar fram í sækir. Að lokum finnst öllum þetta bara sjálfsagt mál enda fljótt að borga sig.“

HRUNIÐ OG SKILVIRKNI

Viðhorfin hafa tekið hröðum breytingum að mati Hjartar frá hruni. „Ég myndi segja að viðhorf manna innan iðnaðargeirans til þess að auka vottun, þekkingu og skilvirkni hafi batnað verulega undanfarin ár,“ segir Hjörtur. - Heldur þú að það sé vegna þess að hrunið, og samdrátturinn sem fylgdi, að gerðar séu ríkari kröfur til þeirra fyrirtækja sem starfa á markaði í dag? „Já, hrunið og svo er þetta sjálfsagt líka bara uppsöfnuð þörf. Tengingar við alþjóðleg fyrirtæki skipta að ég held miklu máli. Ég hef nefnt álverin en í orkugeiranum má nefna t.d. Landsvirkjun og Jarðboranir. Þau fyrirtæki sækja mikið í námskeiðahald og skoðanir. Ísfell skoðar allan búnað hjá Jarðborunum. Það á jafnt við um lyftibúnað og fallvarnarbúnað. Við erum um leið með námskeið fyrir þau. Þetta eru fyrirtæki sem starfa eftir alþjóðlegum stöðlum varðandi þessi mál og leggja auðvitað áherslu á að allt sé eftir þessum alþjóðlegu stöðlum.“ Ísfell rekur eins og áður segir starfsstöðvar víða um land með tilheyrandi námskeiðahaldi. „Nýlega fórum við hringinn í kringum landið og í allar virkjanir landsins með fallvarnarbúnað og námskeiðahald.“

UPPGANGUR

- Finnið þið fyrir hröðum uppgangi undanfarið? „Við erum kannski ekki að sjá jafn stórtækar breytingar og margir en við sjáum auðvitað að allt er á uppleið. Við störfum auðvitað á nokkrum sviðum og oft vinnur eitt á móti öðru,“ segir Hjörtur og bendir á að þegar byggingariðnaður dróst verulega saman eftir hrun þá hafi orðið vöxtur í sjávarútvegi. - Ykkur hefur semsagt tekist vel til við að dreifa ykkar eggjum í margar körfur? „Já, ég myndi segja það. Við erum auðvitað mjög stórt fyrirtæki líka og það vinnur með okkur. Hjá okkur hefur satt best að segja verið vöxtur síðan árið 2008.“ - Hver er þá munurinn núna og fyrir nokkrum árum? „Ég get nefnt eitt dæmi sem sýnir muninn að mínu mati vel. Við framleiðum keðjuhífislingi hér á staðnum. Þessir slingir eru mismunandi að gerð og eru raunar bara framleiddir sérstaklega eftir þörfum hvers viðskiptavinar. Verðbilið er líka mjög breitt, frá nokkrum tugum þúsunda til hundruð þúsunda eftir hvað menn þurfa. Fyrir hrun vorum við kannski að framleiða átta svona stykki hífislingi á dag. Strax eftir hrun var maður heppinn ef við náðum tveimur á mánuði. Í dag erum við auðvitað ekki komnir á þann stað sem við vorum á fyrir hrun en við erum að gera að meðaltali svona átta á viku. Þetta held ég að lýsi stöðunni raunar mjög vel. Við finnum fyrir vexti og gengur vel, en þetta er ekki jafn rosalegt og fyrir hrun, sem er í sjálfu sér mjög gott. Held að enginn sem starfar í greininni í dag langi til að ástandið verði eins og það var síðustu misserin fyrir hrun, þegar margir náðu ekki að anna því sem þurfti.“

DREIFÐ ÁHÆTTA

Byggingariðnaðurinn er þó að taka við sér svo augljóst sé að mati Hjartar. „Það skapar mjög góða blöndu hjá okkur að vera bæði í byggingariðnaði og sjávarútvegi. Það er oft þannig að einn geiri vegur upp á móti öðrum og það er mjög mikilvægt. Eftir hrun varð uppgangur hjá sjávarútvegsfyrirtækjum. Fiskverð var mjög gott sem varð til þess að fyrirtæki í sjávarútvegi höfðu meira til að spila úr,“ segir Hjörtur og bætir við að þannig virki þetta einfaldlega. Menn verði að sjá tækifærin og dreifa áhættunni.

Bindi- og brettavafningsvélar frá Cyklop

Ísfell selur og þjónustar vörur frá þýska fyrirtækinu Cyklop. Meðal viðskiptavina er Eimskip sem nýlega fékk afhentan GL Robot 519, sjálfvirka vél sem keyrir í kringum brettin og vefur farm eftir hæð.

Vélin afkastar allt að 150 brettum á hverri hleðslu rafhlöðunnar. Vinnurými vélarinnar er 1,1 metri út frá brettinu sem er svipað og starfsmaður þarf til að handvefja bretti. „Brettavafningsvél fyrir þá sem þurfa vél til notkunar á takmörkuðu vinnusvæði,“ segir á vef Ísfells. Þá kemur fram að Ölgerðin ehf. noti samskonar vél. „Starfsfólk Eimskips gerir ráð fyrir að nýja brettavafningsvélin muni verða mikil hagræðing á vöruhóteli fyrirtækisins, en vélin mun létta vinnu fyrir starfsfólk auk þess sem að forstrekkibúnaður muni minnka notkun á vélstrekkifilmu.“

NÝ VÉL FRÁ CYKLOP

Síðastliðið vor kynnti Cyklop ryðfría brettavafningsvél, fyrsta sinnar tegundar CST 211 Inox. Vélina er hægt að fá með forstrekkibúnaði sem stillir strekkingu á filmunni með nákvæmari hætti en ef vélin er án slíks búnaðs. Þannig sparast töluvert í kaup á filmu.

STARFSSTÖÐVAR VÍÐA UM LAND

Höfuðstöðvar Ísfells, skrifstofur og söludeild, ásamt aðallager fyrir allar starfsstöðvar fyrirtækisins hérlendis eru að Óseyrarbraut 28, Hafnarfirði. Að auki rekur Ísfell netaverkstæði undir heitinu Ísnet; í Hafnarfirði og Þorlákshöfn, á Sauðárkróki, Húsavík, Akureyri, Ólafsfirði og í Vestmannaeyjum. Kjarnastarfsemi Ísnets stöðvanna er þróun, uppsetning og viðhald fullbúinna veiðarfæra. Lögð er mikil áhersla á þjónustu í heimabyggð og framboð á vörum Ísfells.

SNJÓKEÐJUR FRÁ TRYGG

Snjókeðjurnar frá norska fyrirtækinu TRYGG eru meðal þeirra vara sem Ísfell bíður upp á. Árið 2014 keypti Ísfell fyrirtækið Kristbjörg á Ólafsfirði en TRYGG var meðal þeirra vara sem Kristbjörg þjónustaði.

Kristbjörg hóf sölu og dreifingu á snjókeðjunum frá TRYGG árið 2004 og hefur því 10 ára reynslu varðandi ráðgjöf og val um hentugustu lausn fyrir viðskiptavini félagsins. Flestar algengustu stærðir og tegundir af snjókeðjum eru til á lager.

NORTH ATLANTIC MARINE SUPPLIES AND SERVICES

Dótturfyrirtæki Ísfells NAMSS er með starfsstöðvar í Nova Scotia og Port au Choix í Kanada. NAMSS var stofnað árið 1998 og þjónustar sjávarútveg og olíuvinnslu.

Eináda g

KEMUR HEILSUNNI Í LAG

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
LITLAR TÖFLUR
SYKURLAUST

SJÁ NÁNAR Á VÍTAMÍN.IS • FÆST Í APÓTEKUM UM LAND ALLT

Icepharma

Milljón ferðamanna til Íslands í fyrra

Fjöldi ferðamanna um Keflavíkurflugvöll, Seyðisfjörð og aðra flugvelli var um 997 þúsund árið 2014. Það eru 190 þúsund fleiri ferðamenn en árið 2013. „Aukningin milli ára nemur 23,6%. Ferðamenn á ársgrunni nálgast því eina milljón en gera þarf ráð fyrir vissum frávikum vegna aðferðafræðinnar sem beitt er," segir á vef Ferðamálaráðs.

Tæplega þrír fjórðu, eða 73,3%, ferðamanna árið 2014 voru af tíu þjóðernum. Bretar og Bandaríkjamenn voru fjölmennastir [Mynd: Patrick Nouhailler CC-leyfi]

Um leið kemur fram að 104.516 einstaklingar hafi komið til Reykjavíkur með alls 90 skemmtiferðaskipum. „13,4% fleiri en á árinu 2013 þegar þeir voru um 92 þúsund talsins. Um 96% skemmtiferðaskipa til landsins hafa viðkomu í Reykjavík," segir á vef Ferðamálastofu.

BRETAR OG BANDARÍKJAMENN DUGLEGASTIR

Tæplega þrír fjórðu, eða 73,3%, ferðamanna árið 2014 voru af tíu þjóðernum. Bretar og Bandaríkjamenn voru fjölmennastir eða um þriðjungur allra ferðamanna en þar á eftir komu ferðamenn frá Þýskalandi, Frakklandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Kanada, Hollandi og Kína. Af einstaka þjóðernum fjölgaði Bretum, Bandaríkjamönnum, Kanadamönnum og Þjóðverjum mest árið 2014. Þannig komu 43.400 fleiri Bretar árið 2014 en árið 2013, 32.400 fleiri Bandaríkjamenn, 14.800 fleiri Kanadamenn og 10.100 fleiri Þjóðverjar. „Sölutölur frá Austfari [á Seyðisfirði] gefa til kynna hver þjóðernasamsetning farþega með Norrænu til Íslands. Níu af hverjum tíu erlendum ferðamönnum með Norrænu árið 2014 voru af tíu þjóðernum. Þjóðverjar voru langfjölmennastir eða 42,5% af heild en þar á eftir komu Færeyingar (12,2%) og Danir (11,7%). Ekki eru tiltækar upplýsingar um þjóðerna-samsetningu farþega um aðra flugvelli."

FJÖLGUN ALLT ÁRIÐ Í KEFLAVÍK

Fjöldamet voru slegin í öllum mánuðum ársins 2014 á Keflavíkurflugvelli, ef miðað er við talningar á vegum Ferðamálastofu, sem hófust árið 2002. „Aukning milli ára fór yfir 25% sjö mánuði ársins en hlutfallslega var hún mest milli ára í janúar (40,1%), mars (35,3%), febrúar (31,2%) og nóvember (31,0%)." Samkvæmt Ferðamálaráði hafa fjölmargir haft áhrif á þessa miklu aukningu. Ljóst er að ferðaþjónustan er að uppskera árangur af umfangsmiklu markaðsstarfi auk þess sem mikil fjölmiðlaumfjöllun um landið, hagstætt gengi og aukið framboð á flugsætum hafa haft jákvæð áhrif.

ÁRSTÍÐASVEIFLAN MINNKAR ENN

Sé litið til dreifingar ferðamanna eftir árstíðum síðastliðin þrjú ár má sjá að hlutfall ferðamanna utan háannar, þ.e. sumarmánuðinna þriggja, fer hækkandi er nú komið í 57,6% árið 2014. Hlutfallsleg aukning utan háannar hefur hins vegar verið mest að vetri til en um 28,9% ferðamanna komu að vetri til árið 2014 en voru 26,9% árið 2013 og 23,6% árið 2012.

SKIPTING EFTIR MARKAÐSSVÆÐUM

Ferðamenn frá einstökum markaðssvæðum dreifðust nokkuð ólíkt yfir árið. Bretar skera sig úr en ríflega helmingur þeirra kom að vetri til. Mið- og Suður Evrópubúar voru hins vegar áberandi yfir sumarmánuðina en 58,8% þeirra komu að sumri. „Norðurlandabúar, Norður Ameríkanar og ferðamenn frá löndum sem flokkast undir annað dreifðust hins vegar jafnar yfir árið." Um 29% erlendra ferðamanna árið 2014 komu að vetrarlagi eða um 278 þúsund talsins. „Um er að ræða tæplega 69.500 fleiri ferðamenn en yfir vetrarmánuðina árið 2013. Aukningin nemur 33,1% milli ára. Af einstaka þjóðum voru flestir vetrarferðamenn frá Bretlandi (34,9%) og Bandaríkjunum (15,1%). Ferðamenn frá Noregi (4,6%), Þýskalandi (4,6%), Frakklandi (4,2%), Danmörku (4,1%), Svíþjóð (3,1%), Kanada (3,0%), Kína (2,6%) og Japan (2,5%) fylgdu þar á eftir en samanlagt voru framangreindar tíu þjóðir um 78,7% ferðamanna að vetrarlagi. Bretar báru að miklu leyti uppi aukningu vetrarins en um 27 þúsund fleiri ferðamenn komu frá Bretlandi yfir vetrarmánuðina 2014 en að vetri til 2013. Um er að ræða 38,3% aukningu Breta milli ára. Bandaríkjamönnum fjölgaði jafnframt verulega eða um 37,8%."

VOR OG HAUST

29% erlendra ferðamanna árið 2014 komu að vori eða hausti til eða um 280 þúsund talsins, 55.200 fleiri ferðamenn en á sama tímabili árið 2013. Aukningin nemur 24,5% milli ára. Af einstaka þjóðernum voru flestir ferðamenn að vori og hausti frá Bretlandi (17,7%) og Bandaríkjunum (15,3%). Þar á eftir komu ferðamenn frá Noregi (7,8%), Þýskalandi (7,7%), Danmörku (6,2%), Svíþjóð (5,2%), Kanada (5,0%), Frakklandi (4,8%), Hollandi (2,5%) og Finnlandi (2,3%) en samanlagt voru þessar tíu þjóðir 74,5% ferðamanna að vori og hausti. „Næstum helmingsaukning að vori og sumri var borin uppi af Bretum sem fjölgaði um 10.200, Bandaríkjamönnum sem fjölgaði um 9.500 manns og Kanadamönnum sem fjölgaði um 5.300."

Bretar og Bandaríkjamenn voru fjölmennastir eða um þriðjungur allra ferðamanna en þar á eftir komu ferðamenn frá Þýskalandi, Frakklandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Kanada, Hollandi og Kína.

SUMARMÁNUÐIR

Um 42% ferðamanna komu yfir sumarmánuðina þrjá eða um 408 þúsund. Um var að ræða 63.400 fleiri ferðamenn en sumarið 2013 og nemur aukningin 18,4% milli ára. Af einstaka þjóðum voru flestir ferðamenn að sumri árið 2014 frá Bandaríkjunum (16,3%) og Þýskalandi (12,6%). Þar á eftir fylgdu ferðamenn frá Bretlandi (8,1%), Frakklandi (8,1%), Danmörku (4,7%), Noregi (4,6%), Svíþjóð (4,3%), Kanada (4,0%), Ítalíu (3,3%) og Spáni (3,1%) en samanlagt voru þessar tíu þjóðir 69,1% ferðamanna sumarið 2014.

BANDARÍKJAMÖNNUM FJÖLGAR MEST

Af einstaka þjóðum fjölgaði Bandaríkjamönnum mest eða um 11.300, Bretum um 6.100, Þjóðverjum um 5.800 og Kanadamönnum um 5.700 manns en þessar fjórar þjóðir báru uppi næstum helmingsaukningu að sumri til.

nettoline

DANSKAR INNRÉTTINGAR

Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.

STERKAR OG GLÆSILEGAR

Opið: Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

BETRI STOFAN

Það er hollt, og getur sparað þér pening, að ýta undir gagnrýna hugsun á vinnustað

Fjársvikamenn eru reknir áfram af eigin ávinningi en óánægja í starfi, persónulegir fjárhagserfiðleikar, lélegt vinnuumhverfi og tækifæri til fjársvika eru áhættuþættir sem ber að forðast.

Uppljóstrarar en ekki yfirmenn eða endurskoðendur eru áhrifaríkasta leiðin til að stöðva fjársvik innan fyrirtækja og stofnana. Þetta kemur fram í lokaritgerð Ævars Ólafssonar viðskiptafræðings um fjársvik og fjárdrátt.

Árið 2011 gerði KPMG viðamikla rannsókn í tæplega sjötíu löndum á fyrirtækjum sem lent höfðu í fjársvikum. Á grundvelli þeirra upplýsinga voru svo einkenni fjársvikara metin. Ævar vitnar í þessa rannsókn í verkefni sínu. Fjársvikamenn eru reknir áfram af eigin ávinningi en óánægja í starfi, persónulegir fjárhagserfiðleikar, lélegt vinnuumhverfi og tækifæri til fjársvika eru áhættuþættir sem ber að forðast. „Það sem kemur á óvart við þessar niðurstöður er það að þeir starfsmenn sem oftast brutu gegn fyrirtæki sínu voru í yfirmannastöðum og höfðu starfað hjá fyrirtækinu í mörg ár án neinna saknæmra athafna. Eftir að fyrsta brot var framið var hins vegar algengt að starfsmenn nýttu sér tækifæri til að fremja oftar brot," segir Ævar í verkefninu. KPMG lýsir einkennum þeirra sem stunda fjárdrátt sem karlmönnum í yfirmannastöðu, starfandi á fjármálasviði eða sviði nátengdu því. Hann hefur starfað hjá fyrirtækinu í tíu ár og iðulega svindlar hann á fyrirtækinu í samráði við annan aðila. Vert er að taka fram að hér er ekki um algildan mælikvarða að ræða.

YFIRMENN MEÐ LANGAN STARFSALDUR

„Talið er að ástæða þess að yfirmenn sem starfað höfðu lengi hjá sama fyrirtæki voru líklegri til að fremja fjársvik en aðrir sé sú að eftirlit er minna með þeim en öðrum starfsmönnum og eru tækifæri eða möguleikar á svikum því fleiri," segir í skýrslu KPMG. Ævar segir í verkefninu, og vitnar þar til KPMG, að hvati hins hefðbundna fjársvikara sé í flestum tilvikum einföld og skýr græðgi. Þó bendir hann á að þrýstingur frá yfirboðurum sé einnig ríkur hvati. „Yfirmenn voru undir þrýstingi frá stjórnendum um að standast sérstakar kröfur sem varð til þess að yfirmenn freistuðust til að ofmeta eignir og ná þannig þessum kröfum. Ef fyrirtækinu gekk vel á markaði fengu yfirmenn þess launauppbót eða jafnvel launahækkun. Því geta

„Talið er að ástæða þess að yfirmenn sem starfað höfðu lengi hjá sama fyrirtæki voru líklegri til að fremja fjársvik en aðrir sé sú að eftirlit er minna með þeim en öðrum starfsmönnum og eru tækifæri eða möguleikar á svikum því fleiri"

tækifæri og vinnuálag aukið líkur á fjársvikum."

FRÍ SEM FORVÖRN

Athygli vekur að hegðun sem tilhneiging er til að tengja við dugnað og mikla vinnu getur gefið vísbendingu um fjárdrátt. Í bókinni Forensic Accounting eftir John Taylor er dæmigerð hegðun fjársvikara gerð að umfjöllunarefni. Bókin tiltekur að fjársvikarar neiti gjarnan að taka frí og það jafnvel þrátt fyrir mikinn þrýsting. Oft sé skýringin sú að sá hinn sami getur ekki hætt á að vera frá vinnu lengur en nokkra daga án þess að upp komist um brotið. „Þess vegna getur það verið skynsamleg leið til forvarna að skylda þá sem starfa á fjármálasviði fyrirtækis að taka sér reglulega frí."

LANDSSÍMAMÁLIÐ

Ævar nefnir fjársvikamál hjá Landssímanum sem dæmi um þennan veikleika en aðalgjaldkeri fyrirtækisins gat ekki hætt á að vera frá vinnu um mánaðarmót svo ekki kæmist upp um málið. Landssímamálið var gríðarlega

„Athygli vekur að hegðun sem tilhneiging er til að tengja við dugnað og mikla vinnu getur gefið vísbendingu um fjárdrátt."

flókið fjárdráttarmál og stórt á íslenskan kvarða. Árið 2003 vildi skattstjórinn í Reykjavík skoða nánar viðskipti milli Landssímans og einkahlutafélagsins Alvöru líf fyrir bókhaldsárin 1999–2000. Upplýsingar frá bókhaldi Landssímans sýndu að engin viðskipti höfðu átt sér stað við Alvöru líf en greiðsluyfirlit frá skattstjóranum sýndi hins vegar viðskipti upp á rúmlega 130 milljónir króna. Í kjölfar hóf innra eftirlit Landssímans rannsókn vegna misræmis í bókhaldsupplýsingum. Í ljós kom að aðalgjaldkerinn hafði gerst sekur um saknæm athæfi. „Aðalgjaldkerinn hafði meðal annars veitt leyfislaust lán upp á 100 milljónir króna til fyrirtækjanna Íslenska sjónvarpsfélagið og Alvöru líf, en fjármálastjóri Alvöru lífs var bróðir aðalgjaldkerans. Lánið var útbúið án löglegra skjala og því var engin ábyrgð né veðsetning til staðar. Næst lánaði aðalgjaldkerinn náskyldum frænda sínum 32 milljónir króna og aftur voru engin formleg skjöl útbúin vegna greiðslu eða ábyrgðar og fór það lán í allskonar fyrirtækjarekstur en einnig í persónulegan rekstur frændans. Það kom einnig í ljós að aðalgjaldkerinn hafði stundað mikinn fjárdrátt í eigin hagsmunaskyni og látið Landssímann greiða fyrir sig hlutabréfakaup, bifreiðargjöld og einnig kreditkortareikning sem nam um 18 milljónum króna," segir í verkefni Ævars.

HEFÐI MÁTT SKIKKA Í FRÍ

„Hjá Landssímanum þá þurfti sá sem dró að sér fé alltaf að vera í vinnunni um mánaðarmót. Hann varð að vera í vinnu til þess að gera bókhaldsbrellur svo ekki kæmist upp um hann. Þess vegna kem ég inn á það í ritgerðinni að skylda ætti fólk á fjármálasviðum til þess að fara í frí. Það getur nefnilega hjálpað við draga úr hættunni á svona fjársvikum. Í þessu tilviki þá gat maðurinn ekki farið neitt yfir mánaðarmót vegna þess að þá fattaðist þetta strax." Ævar bendir þó á að Landssímamálið sé sérstakt vegna þess hve flókið málið allt er og víðfemt. Þannig segir í verkefni hans að rannsókn málsins hafi raunar neyðst til að reiða sig á aðalgjaldkerann sjálfan. „Hann misnotaði auðvitað kerfi sem hann hafði sjálfur aðstoðað við að hanna."

FLÓKIN FRAMTÍÐ

Ævar segir mikilvægt að fyrirtæki og stofnanir skoði hættuna sem fylgir auknum rafrænum viðskiptum og bókhaldskerfum. Hann telur raunar að þar liggi hættan í framtíðinni. Af því leiðir að flókin fjársvikamál líkt og Landssímamálið geti orðið mun algengari en í dag. „Í þessu máli þá níðist hann svolítið á rafræna kerfinu. Þessi fjársvikamál munu í framtíðinni tengjast rafrænu öryggi. Líklega munu fleiri slík mál koma upp í náinni framtíð.“ Ævar bendir líka á að fólk sem gjarnt er á að kenna öðrum um eigin mistök geti verið líklegt til fjársvika. „Ég kem aðeins inn á þetta andlega ástand þeirra sem stela. Ég geri ekki mikið úr því.“

STELANDI YFIRMENN

Rannsókn KPMG leiðir í ljós að yfirmenn með langan starfsaldur eru líklegastir til að draga að sér fé. - Hvers vegna telur þú að þetta sé? „Ástæðan fyrir því að algengt er að yfirmenn steli er að þeim er treyst og um leið er minna eftirlit með þeim,“ segir Ævar. - Telurðu að starfsaldurinn eigi sér sömu rætur? Já, einmitt vegna þess að því hærra sem aðilinn kemst og því lengur sem hann vinnur fyrir fyrirtækið, því betur er honum treyst fyrir hlutunum.“

MINNKUÐU EFTIRLIT

Fjársvikamál Nathan & Olsen segir Ævar raunar vera gott dæmi um hvernig traust getur minnkað eftirlit. Vert er að taka fram að sú sem þar gerðist brotleg fellur ekki undir sum þeirra einkenna fjásvikamanns sem KPMG nefnir í skýrslu sinni. Hún hafði ekki unnið hjá fyrirtækinu í tíu ár og var ekki karlmaður. Alls tapaði Nathan & Olsen í kringum 32 milljónum vegna málsins en einungis var hægt að fá sjö milljónir til baka. Ævar gerir að umfjöllunarefni sínu hvernig fyrirtækið hafi allt til ársins 1992 haft skýra verkaskiptingu á fjármálasviði sem hugsanlega hefði getað komið í veg fyrir málið. „Samkvæmt skipulagsriti Nathan & Olsen fyrir árið 1992 voru þrír starfsmenn á fjármálsviði en það voru gjaldkeri, bókari og þriðji aðili sem sá um afstemmingar. Eftir verklagsbreytingar sá gjaldkerinn um öll þessi verkefni og þá var einungis einn aðili á fjármálasviði sem sá um að greiða, bóka og afstemma,“ segir hann í verkefninu. „Þarna er alveg grundvallaratriði að aðskilja hefði átt gjaldkerastörfin við bókhaldsstörfin. Þar var sami aðili sem sá um að bóka, afstemma og greiða. Það skapar óþarfa hættu. Hjá Nathan & Olsen er þetta sérstaklega mikilvægt vegna þess að þar höfðu þau haft þessa skiptingu áður. Þar hafði verið sér gjaldkeri, sér bókari og annar aðili sem afstemmir. Það er bara nánast fullkomið - virkilega flott. Þetta breyttist svo í að einn aðili var að gera þetta og þá skapast einmitt þessi hætta sem er að aðeins aðili gat bókað reikninga sem hún greiddi svo sjálf og að lokum afstemmdi hún reikninga. Þannig að hún gat frekar auðveldlega falið þetta.“ Þá bendir hann á að traust hafi ef til vill verið of blint í þessu tilviki. Það komi enda fram í dómsskjölum að þrátt fyrir að gjaldkerinn hafi afstemmt seint og illa hafi yfirmaður hennar samstarfsaðilar einfaldlega treyst konunni.

FORVARNIR FJÚKA FYRST

Rannsóknir sýna að forvarnir og eftirlit gegn fjárdrætti er gjarnan skorið niður þegar þrengir að. Ævar hvetur fyrirtæki til að hafa í huga að eftirlit og þá sérstaklega forvarnir geta borgað sig margfalt. „Kostnaður fyrirtækis vegna fjársvika er gríðarlegur. Kostnaðurinn er ekki einungis af fjárhagslegum toga heldur skaða fjársvik trúverðugleika fyrirtækisins í augum almennings,“ skrifar Ævar og bætir við að rannsóknin á vegum KPMG, sem fjallað var um hér að ofan, sýndi einnig fram á að meðaltap hjá erlendum fyrirtækjum vegna fjársvika er rúmlega 100 milljónir króna og að meðaltími fjársvika án uppljóstrunar var allt að fjögur ár.

EIR ENN ÓLEYST

Fjallað er um eitt bókhaldsmál hjúkrunarheimilisins Eirar í verkefninu. Málinu er reyndar ekki lokið og enn hefur ekki fallið dómur þar. Ævar bendir hins vegar á að verulega hafi skort á verkaskiptingu og eftirlit í rekstri félagsins. „Meðal annars var sami aðili formaður fulltrúaráðs og formaður stjórnar, en sem formanni fulltrúaráðs bar honum að fylgjast með rekstri og setja reglur ef það var nauðsynlegt en sem formanni stjórnar bar honum að stýra fjármálum, framkvæmdum og daglegri starfsemi. Þannig sinnti sami aðili bæði eftirliti með rekstri og bar ábyrgð á rekstrinum.“ Þá sinnti sami aðili störfum framkvæmdarstjóra og var formaður stjórnar. Almenna reglan er sú að stjórnin sér um að ráða framkvæmdastjóra og sjá um eftirlit með honum á meðan framkvæmdarstjórinn sinnir daglegum rekstri fyrirtækisins. Ævar rekur ótrúlega bókhaldsfimleika félagsins og vitnar þar í úttekt Deloitte á rekstri Eirar.

UPPLJÓSTARAR BORGA SIG

Vernd uppljóstarar og skýrar boðleiðir fyrir starfsmenn um hvernig tilkynna skal óviðeigandi atferli eru skilvirkustu leiðirnar til að koma upp fjársvik. „Öruggar boðleiðir hvetja til þess að uppljóstrarar komi fram og að sá sem veitir upplýsingarnar finni til öryggis. Rannsóknir hafa sýnt fram á að meira en helmingur starfsmanna sem vita um óviðeigandi atferli tilkynnir það ekki.“ Þá er bent á að þá hættu sem meðvirkni á vinnustað skapi enda sé hræðslan við að hrapa í áliti meðal samstarfsmanna sinna, verða rekinn og jafnvel kærður það sem oftast stöðvar fólk í að tilkynna um óviðeigandi atferli. Hollusta og tryggð við samstarfsmenn og fyrirtæki skapa líka hvata til að grípa ekki til aðgerða. „Þessi hollusta gerir það að verkum að starfsmaður réttlætir aðgerðarleysi sitt með því að svíkja ekki vini sína. Til að berjast gegn þessu hugarfari þurfa stjórnendur að auka skilning starfsmanna á afleiðingum fjársvika fyrir fyrirtækið og að það sé öllum í hag að slík mál komi fram í dagsljósið,“ hefur Ævar eftir bók Taylor.

„Vernd uppljóstarar og skýrar boðleiðir fyrir starfsmenn um hvernig tilkynna skal óviðeigandi atferli eru skilvirkustu leiðirnar til að koma upp fjársvik.“



Starfsfólk Alcoa safnar 36 milljónum með sjálfboðavinnu

Frá Eskifirði á liðnu sumri þar sem starfsmenn Fjarðaáls skiptu um klæðningu á skála Golfklúbbsins. Eins og sjá má fylgdist dróni grannt með vinnunni.

Starfsfólk Alcoa Fjarðaráls safnaði 36 milljónum með sjálfboðavinnu á árinu 2014. Féð rennur til félagasambanda, klúbba og stofnana á Austurlandi. „Samtals tóku 357 starfsmenn fyrirtækisins þátt í einstaklings- og hópverkefnum undir merki Samfélagssjóðs Alcoa (Alcoa Foundation) í Bandaríkjunum. Í svokölluðum Bravó-verkefnum söfnuðust 24 mkr., í Action-verkefnum 12,3 mkr. og í verkefnum sem nefnast Alcoans in Motion söfnuðust 246 þúsund króna," segir í tilkynningu félagsins.

Í Bravó-verkefnunum vann nærri því helmingur starfsmanna, um 200 manns að verkefnum í þágu fimmtíu aðila á Austurlandi, svo sem björgunarsveita, golfklúbba, hestamannafélaga, íþrótta- og tómstundafélaga, skátafélaga og kóra. „Styrkirnir hafa þann tilgang að styðja sjálfboðavinnu einstakra starfsmanna Alcoa fyrir óháð félagasamtök og er þeim úthlutað til aðila þar sem umsækjandi hefur unnið ólaunað starf í að minnsta kosti 50 klst. á ári í þeirra þágu."

13 MKR. TIL BJÖRGUNARSVEITA

37 starfsmenn unnu til að mynda í þágu sex björgunarsveita og sóttu, hver og einn, um styrk til Samfélagssjóðs Alcoa. „Hver styrkur er að upphæð 130 þúsund krónur og fengu björgunarsveitirnar því afhentar 13 milljónir króna frá sjóðnum. Annað dæmi er af Knattspyrnufélagi Fjarðabyggðar sem 16 starfsmenn öfluðu rúmlega tveggja milljóna króna og Skíðafélag Fjarðabyggðar fékk eina milljón króna vegna vinnu sjö starfsmanna Fjarðabyggðar."

Í HAM

Bravó-styrkir eru, eins og nafnið bendir til, ætlaðir til þess að hylla starfsmenn fyrir ólaunuð störf í þágu félagasamtaka. „Action-verkefnin (e. Alcoans Coming Together in their Neighborhood) eru hins vegar hópverkefni. Unnið var að tíu slíkum verkefnum 2014, þar sem starfsmenn og fjölskyldur þeirra lögðu hönd á plóg í verkefnum fyrir félög sem reiða sig á sjálfboðastarf. Meðal þess sem unnið var að má nefna viðhald á húsnæði sumarbúða Kirkjumiðstöðvarinnar við Eiðavatn og gerð útikennslustofu fyrir skólabörn á Stöðvarfirði."

Á HREYFINGU

Þriðja tegund styrkja frá Samfélagssjóði Alcoa kallast „Alcoans in Motion," en þá ganga, hlaupa eða synda starfsmenn ákveðna vegalengd í þágu góðs málefnis. "Á síðasta ári gekk hópur starfsmanna í Stórurð í Dyrfjöllum til að safna fé fyrir heilabilunardeild HSA á Seyðisfirði, og annar hópur gekk að Opi í Oddsdal til að styrkja aðstoð við börn með geðraskanir á vegum Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað."

LANDBÓTASJÓÐUR OG VERALDARVINIR

Auk þessara verkefna sem Samfélagssjóður Alcoa styrkir hér á landi má geta þess að sjóðurinn kemur einnig að mun stærri verkefnum. Þannig fékk t.d. Landbótasjóður Norður-Héraðs afhendar tæpar 10 milljónir króna sl. sumar til að kaupa áburð. Landbótasjóðurinn er að græða upp stór svæði á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar, aðallega gróðurlausa mela og eyrar Jökulsár. Þá fengu Veraldarvinir um 3 milljónir króna til stuðnings við verkefni samtakanna á Austurlandi. Veraldarvinir eru íslensk félagasamtök sem vinna að margvíslegum samfélagsverkefnum árið um kring um allt land. Á síðasta ári tóku samtökin á móti um 1.500 erlendum sjálfboðaliðum sem tóku þátt í um 130 verkefnum um land allt. Í Fjarðabyggð unnu um 650 manns á vegum Veraldarverkefna í tvær vikur að samfélagsverkefnum í sveitarfélaginu.

Hvers virði er aukinn ferskleiki
í 2-3 daga fyrir þig?

tempra
eps einangrun

Kaldari kassar – ferskari fiskur

Promens Tempra hefur í samráði við Matís hannað nýjan kassa til útflutnings á ferskum fiski. Rannsóknir sýna að með því að þykkja hornin á kassanum mun fiskurinn viðhalda ferskleika sínum 2-3 dögum lengur en mögulegt er þegar um kassa með hefðbundinni hönnun er að ræða og geymsluþolið eykst um 1-2 daga (Björn Margeirsson o.fl., 2010). Hér er miðað við dæmigerðar hitasveiflur í land- og flugflutningi frá Íslandi til Evrópu.

Temprukassarnir eru undirstaða þess að íslenskur fiskur kemst ferskur til neytenda um allan heim.



PROMENS

www.promens.is/tempra

Promens Tempra ehf. • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@promens.com

Hönnun: thor@12og3.is / Prentun: Litlaprent

Ýtt undir óróleika á vinnumarkaði

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

SKOÐUN
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Þorsteinn Víglundsson, furðar sig á því að Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra segi svigrúm vera til meiri launahækkana en samræmist verðstöðugleika. Þannig ýti ráðherrann undir óróleika á vinnumarkaði. Félagsmálaráðherra sagði í samtali við RÚV, þann 15 janúar, að verkalýðshreyfingin hljóti að krefjast meiri hækkana en t.d. Seðlabanki Íslands og fjármálaráðherra hafa talið samræmast stöðugleika í efnahagslífinu, lágri verðbólgu og auknum kaupmætti.

„Ég furða mig mjög á þessum ummælum, það er ekki hægt að líta á þau öðruvísi en svo að þarna sé verið að reyna að auka óróleika á vinnumarkaði sem er ærinn fyrir. Við gerum þá kröfu til stjórnvalda sem tala um mikilvægi stöðugleikans og mikilvægi þess að ganga inn í komandi kjarasamninga af ábyrgð að það sé þá samkvæmni í því hvernig ráðherrar tjá sig," skrifar Þorsteinn á vef Samtaka atvinnulífsins.

„Þarna var ráðherra í raun og veru að tala algjörlega þvert á t.d. það sem fjármálaráðherra hefur látið hafa eftir sér um mikilvægi þess að menn fari af ábyrgð inn í næstu kjarasamninga."

MEIRI LAUNAHÆKKANIR EN Í NÁGRANNALÖNDUNUM

Þorsteinn bendir á að launahækkanir á Íslandi á síðasta ári hafi verið miklar og mikilvægt sé að festa í sessi þann aukna kaupmátt sem hefur náðst. Hann hafnar því að hægt sé að hækka laun enn frekar vegna þess að hagur fyrirtækja hafi batnað eftir erfiða tíð.

„Það er alveg rétt að hagnaður fyrirtækja hefur sem betur fer tekið við sér á undanförnum árum eftir mikinn samdrátt áranna 2008 til 2010. Á sama tíma hefur líka orðið veruleg launahækkun hér á landi og við höfum verið að hækka laun undanfarin fjögur ár langt umfram það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar og þannig verið að endurreisa kaupmátt í landinu," segir Þorsteinn. Það geti ekki verið ávísun á frekari hækkanir.

SKATTAR Á ATVINNULÍFIÐ HAFA HÆKKAÐ

Félagsmálaráðherra telur að skattar á atvinnulífið hafi verið lækkaðir og því hafi svigrúm atvinnulífsins til að hækka laun aukist. Gott ef satt væri en halda skal því til haga að skattar á atvinnulífið eftir hrun voru hækkaðir um 80 milljarða króna á ári og því var verulega þrengt að getu atvinnulífsins til að hækka laun. Þá hefur ítrekað komið fram að undanförnu að stjórnvöld hafa ekki lækkað tryggingagjald á fyrirtæki landsins í samræmi við lækkandi atvinnuleysi eins og þau hefðu átt að gera. Það þýðir í raun að fyrirtæki, bæði stór og smá, greiða árlega 30 milljörðum króna meira í tryggingagjald á ári en nauðsynlegt væri. Það takmarkar getu þeirra til að hækka laun, ráða nýtt fólk í vinnu, minnkar svigrúm til nýsköpunar, rannsókna og þróunar og dregur úr tekjuskattsgreiðslum til ríkisins.

Þá gagnrýnir félagsmálaráðherra bankana fyrir að auka vaxtamun en það er afleiðing þess að skattar og álögur á fjármálafyrirtæki hafa verið aukin verulega. Þær auknu álögur sem lagðar hafa verið á bankastofnanir undanförin tvö ár eru t.d. ígildi um 0,5 prósentustigs vaxtamunar. Þá er skattbyrði viðskiptabanka þyngst allra atvinnugreina á Íslandi en greiddur tekjuskattur og sérstakir skattar á viðskiptabanka nema tæplega þriðjungi hagnaðar þeirra á meðan almennt hlutfall er 20%.

IÐNAÐUR UNDIRSTAÐA VELFERÐAR

VM
Félag vélstjóra
og málmtæknimanna

Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

SI

Slippurinn
AKUREYRI

oddi HF

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

BUILT FOR
SUCCESS.

MULTIVAC
BETTER PACKAGING

Heildarlausnir í pökkun

Multivac • Krókháls 5e • 110 Reykjavík
Sími 554 2100 • www.multivac.com

MULTIVAC
BETTER PACKAGING

„Ekki hlaupa frá ábyrgð“

Andrés Jónsson, eigandi Góðra samskipta.

FRÆÐSLA
ALMANNATENGSL

„Regla númer eitt í krísu er að þú getur ekki verið þinn eigin ráðgjafi,“ segir Andrés Jónsson, almannatengill og eigandi Góðra samskipta ehf., er Sleggjan óskaði ráðlegginga til handa lesendum um rétt viðbrögð við neikvæðri fjölmiðlaumfjöllun.

TILLITSLEYSI

DV fjallaði nýlega um málefni iðnfyrirtækis sem hefur um nokkuð skeið lagt flutningabílum fyrirtækisins á bílastæði ætluð leikskólanum Vinagerði. Yfir þessu kvarta nágrannar og foreldrar við leikskólann. Viðbrögð eiganda fyrirtækisins hafa ekki orðið til þess að lægja öldurnar. Í samtali við DV segir móðir sem á barn á leikskólanum að tveimur stórum vörubílum sé sífellt lagt í stæði leikskólans þannig að foreldrar sem komi með börn á leikskólann á morgnana geti ekki lagt við skólann. Við stæðin er hlið inn á lóð leikskólans sem og skilti sem stendur á að ekki megi leggja lengur en 20 mínútur í stæðin milli klukkan 7 og 18 á daginn. Um það bil sex bílastæði auk bílastæðis fyrir fatlaða er á planinu, en bílarnir leggja að því er virðist yfir stóran hluta stæðanna.

ÉG KOM FYRST

„Flutningafyrirtækið sem á þessa bíla er búið að vera til síðan 1999 en leikskólinn er búinn að vera þarna í kring um 5-6 ár á vegum borgarinnar,” segir eigandi fyrirtækisins í samtali við DV. Hann telur sig í fullkomnum rétti. Hvað sem því líður má færa rök fyrir því að tillitsleysi við kvartanir sé ekki líkleg til vinsælda. „Ég borga skatta hérna og þetta eru almenn stæði. Þetta er bara eins og við götur í Reykjavík, það hefur enginn einkarétt á þeim stæðum,” sagði fulltrúi fyrirtækisins við DV. Þegar blaðamaður DV benti á að forstöðukona Vinagerðis staðfesti að stæðin séu ætluð leikskólanum svaraði hann á þá leið að hann hafi reyndar aldrei rætt við yfirmenn skólans, en breytti ekki afstöðu sinni.

AUÐMÝKT OG YFIRVEGUN

„Það að vera ekki sinn eigin ráðgjafi er fyrsta ráðið,“ endurtekur Andrés. „Meira að segja ég er með það í huga að ef ég lendi einhverntíman í einhverju þá ætla ég ekki að vera minn eigin ráðgjafi; þótt ég sé fagmaður í þessu.“ Andrés bendir á að það skyggi fólki sýn hvað það sé tilfinningalega tengt málinu. „Það er hætta á að þú sért reiður og farir að réttlæta þig. Kannski sérðu málið í frekar röngu ljósi. Þess vegna skiptir svo miklu máli að fá ráðgjöf frá öðrum. Það þarf ekkert endilega að vera rándýr ráðgjafi. Þú getur talað við einhvern sem þú treystir og þekkir vel til fjölmiðla og er ekki tilfinningatengdur málinu. Helst myndi ég samt reyna að borga einhverjum vegna þess að sá aðili mun reyna að gefa sem best ráð. Hann mun ekki reyna að tala í beruna í þér.“

TAKTU ÁBYRGÐ

Andrés tekur dæmi um hvernig má bregðast við aðstæðum eins og umrætt iðnfyrirtæki. „Það er alls ekkert þannig að fólk taki alltaf hlið þess sem fer fram með fréttina eða gagnrýnina. Viðbrögð fólks fara líka mikið eftir því hver er trúverðugur í sínum málflutningi. Í þessu dæmi jafnvel þótt manninum finnist hann mega þetta - kannski vegna þess að einhver annar gerir þetta einhvers staðar annars staðar - ef viðkomandi segði bara; já þetta er auðvitað rétt athugað ég hefði átt að vera búinn að tala við forstöðukonu leikskólans. Hann segir kannski að aðstæður hefðu verið þannig hjá þeim að þeir voru í vandræðum með að finna stað til að leggja yfir nóttina. Þeir töldu þetta í lagi. Nú sé hins vegar augljóst að það er allavega ekki sátt um að þarna sé lagt. Hann hefði þá getað beðist velvirðingar á því að hafa ekki talað við neinn. Endað svo með að segja að það verði næsta skref hjá sér að tala við þá sem fari með lóðina og að sjálfsögðu muni fyrirtækið fylgja reglum. Efnislega er þetta það sama og maðurinn segir. Hann telur sig í rétti og á sér eflaust einhverjar málsbætur. Það er allavega einhver vafi um málið, orð á móti orði yfir því hvenær bílarnir eru farnir.“

TÆKIFÆRI Í KRÍSUM

Andrés bendir á að í sumum krísum séu tækifæri. Fólk geti einfaldlega styrkt ímynd sína með því að taka ábyrgð á vandanum. „Þetta snýst um hvernig maður meðhöndlar hlutina. Í raun hefði hann getað komið vel út úr þessu. Það eru nefnilega stundum tækifæri í svona krísum. Það er samt rosalega erfitt fyrir þá sem eru óvanir svona. Sérstaklega ef þeir eru án ráðgjafar.“ Andrés segir að lítil og meðalstór fyrirtæki ættu að hafa í huga að þau geta verið viðkvæm fyrir neikvæðri umfjöllun. „Maður hefur séð það nokkrum sinnum á undanförnum árum að lítil fyrirtæki geta hreinlega farið úr rekstri eftir svona mál. Þetta getur haft mjög neikvæðar afleiðingar. Oft eru það viðbrögðin sem gera fréttina stærri og umfjöllunina lengri. Rétt viðbrögð í byrjun geta bæði stytt og klárað málið. Í sumum tilvikum geta svona mál jafnvel styrkt ímyndina þína ef þú tekur virkilega vel á því.“

Iðnfyrirtæki fékk nýlega afar neikvæða athygli fyrir að leggja bílum sínum fyrir utan leikskóla og taka þannig um leið stæði sem foreldrar barna áttu að geta nýtt. Viðbrögð forsvarsmannsins voru ekki til fyrirmyndar.

AUKASETNINGARNAR FELLA ÞIG

Regla númer tvö segir Andrés vera að gangast alltaf við ábyrgð. Aldrei tala hana niður. „Oft eru það aukasetningarnar sem fella þig. Þú gerir kannski allt rétt: „Við vorum að selja iðnaðarsalt og þetta er ekki nógu gott. Við ætlum að hætta því en … svo er þetta salt reyndar alveg jafn gott og annað.“ Þessi aukasetning verður fyrirsögnin. Svona dæmi eru alveg grátleg. Maður hugsar ef þú hefðir bara sleppt þessu. Þá hefði þetta bara verið fínt svar,“ segir hann. „Ekki hlaupa frá ábyrgð. Það er regla númer tvö. Segðu hvað þú ætlar að gera til að leysa málið eða til þess að finna lausn. Sýndu sáttvísi. Það kostar ekkert að sýna sáttvísi. Þar með ertu ekki endilega að gefa eftir þinn málstað. Þú vilt gefa þessi skilaboð: Ég er fús að ræða þetta í rólegheitunum og finna lausn. Það er mín ábyrgð,“ segir Andrés.

VIÐSKIPTAVINIR ERU VÍÐA

„Það er mjög mikilvægt í krísum að hugsum um það sem eru kallaðir hagsmunaaðilar, á ensku er það kallað stakeholders,“ segir Andrés. Hann bendir á að mikilvægt sé að greina og hugsa með sér hverja krísan geti haft áhrif á. Um leið geti verið að fólk sé tilbúið að taka upp hanskann fyrir þig og fyrirtækið. „Það gæti verið að einhver af viðskiptavinum þínum sem lesi þetta sjái umfjöllunina. Kannski þarft þú að útskýra þína hlið t.d. með tölvupósti eða símtali. Hugsanlegt er að einhver í nágrannahópnum þekki þig, sé hluti af þínum viðskiptavinum og vilji jafnvel taka upp hanskann fyrir þig. Þú verður þá að upplýsa þau um málið og sýna að þú hafir góðan málsstað. Ef þau heyra ekkert frá þér þá er ekkert víst að þau taki upp hanskann fyrir þér. Ég er raun að segja að svona þarf maður, og á maður, að hugsa í krísu.“

HVERNIG MUNA ÞAU EFTIR MÉR?

Þá bendir Andrés á mikilvægi þess að velta fyrir sér áhrifum óánægjunnar jafnvel þótt að við fyrstu sýn séu engin augljós tengsl. „Þetta svið borgarinnar, sem sér um þessi bílastæði, er kannski sama svið og býður út malbikun í Reykjavík. Þú vilt kannski ekki að fólkið á sviðinu muni eftir þér á þennan hátt. Varðandi starfsfólkið þá ertu kannski með tíu bílstjóra eða gröfukarla. Þeir eiga fjölskyldur og kannski börn á sama leikskóla. Þú þarft að tryggja að þeir upplifi ekki einhverja skömm af því að tilheyra fyrirtæki sem fær um sig neikvæða umfjöllun. Það er mjög mikilvægt að fara í huganum yfir alla þá sem málið snertir. Það er mikil skammsýni að halda að viðskiptavinir þínir séu bara þeir sem borgi reikningana. Það eru nefnilega ekki bara þeir sem geta haft áhrif á viðskiptin þín.“

ÍMYNDAÁHÆTTA ANNARA

Stofnanir og stórfyrirtæki eru að mati Andrésar mun meðvitaðri um eigin ímyndaráhættu en áður. „Ég skynja það mjög vel að á allra síðustu árum eru stofnanir sérstaklega, en líka stórfyrirtæki, orðin mjög passasöm um að tengjast engu neikvæðu,“ segir Andrés og bætir við að það þýði að þau vilji ekki taka neina áhættu á að tengjast neikvæðri umræðu. „Gott dæmi er ræstingafyrirtækið á Landsspítalanum en það er hægt að horfa á mörg svona fyrirtæki. Lítið fyrirtæki sem er bara með nokkur stór fyrirtæki og stofnanir í viðskiptum og fær á sig neikvæða umfjöllun getur orðið til þess að spjótin beinist að viðskiptavinum þeirra. Það er þeim sem kaupa þjónustuna frá þér og þínu fyrirtæki. Þrýstingur getur myndast á þau. Í sumum tilvikum geta þessir aðilar líka bara hugsað, án nokkur þrýstings, að þeir vilji bara ekki taka neina áhættu með sitt orðspor. Þitt fyrirtæki getur þá misst viðskipti vegna málsins.“

KLÁRAÐU MÁLIÐ

Að lokum nefnir Andrés að mikilvægt sé að klára málið og halda höfði hátt. „Þetta er mikilvægt vegna þess að oft eru mestu áhrifin þau að menn bera höfuðið ekki hátt. Menn lenda í neikvæðri umfjöllun og hengja haus þar eftir. Þeir eru kannski að fá skot á sig út í bæ þegar þeir eru að koma með vörubílinn í skoðun eða hvað það er. Menn eru að skjóta á þig: „Hver er þá að valda leikskólalóðirnar núna fyrst þið eruð með bílinn hér?“ Einhver svona skot. Menn eru kannski bara að spjalla og þetta er ekkert alvarlegt en þú og starfsfólkið getur tekið svona inn á sig. Þú hættir að bera höfuðið hátt og hættir að fara fram. Það er mikill skaði af þessum sálrænu áhrifum á alla sem fara illa út úr umræðu. Þetta lengir áhrifin og þess vegna er mjög mikilvægt að klára bara málið. Biðjast afsökunar og halda stoltur áfram.“

VELDU VIÐHALDSFRÍTT

Íslenskir gluggar fyrir íslenskt veðurfar



Næturöndun og barnalæsing
Glerjað innanfrá
28 mm K-gler
Samskeyti brædd-ekki skrúfuð

Íslensk framleiðsla
Þýskur smíðaprófíll
Hröð afhending
Áratuga ending

5 punkta læsing í hurðum
Aukið öryggi
Aukin einangrun
Hvítt eða viðarútlit

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu

Þjónustuaðili í Hnífsdal - Geirnaglinn ehf - sími 456 3766

PGV Framtíðarform ehf - sími 510 9700 - www.pgv.is

SAMSUNG

Samsung er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á upplýsingaskjám

Spennandi, snjallir og fallegir **upplýsinga-, auglýsinga- og snertiskjáir**

Margar stærðir og gerðir – allt eftir þörfum hvers og eins.

Þarftu að koma upplýsingum á framfæri?
Samsung hefur lausnina.

Tengdu saman marga skjái með einföldum hugbúnaði.

- HÓTEL
- VEITINGASTAÐIR
- VERSLANIR
- VERSLANAMIÐSTÖÐVAR
- FLUGSTÖÐVAR
- UMFERÐAMIÐSTÖÐVAR
- SKÓLAR • KIRKJUR
- STÓRIR VINNUSTAÐIR

.... o.fl. og o.fl.

SAMSUNG
SMART
SIGNAGE PLATFORM

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · SAMSUNGSETRID.IS